



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Aðstoðarþjónn

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Assistant waiter

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- tekur á móti unnu og óunnu hráefni, flokkar, gerir samanburð á nótu og þeirri vöru sem afgreidd er og gengur frá hráefnum til geymslu
- metur ástand og gæði hráefnis með hliðsjón af umbúðamerkingum, hitastigi og almennum gæðakröfum
- þekkir reglur um rekjanleikja vöru og þjónustu og afgreiðslu á vörum og þjónustu
- fylgir eftir gæðastöðlum um innra eftirlitskerfi vinnustaða
- skipuleggur verkferla með tilliti til viðfangsefna, gerir pöntunar- og verkefnalista, forgangsraðar verkefnum og undirbýr vinnusvæði
- undirbýr veitinga- og/eða veislusali fyrir samkomur, raðar niður borðum, dúkar upp og brýtur saman munnþurkur
- leggur á borð samkvæmt matseðli ásamt glösum fyrir þau vín sem fram verða borin
- tekur á móti pöntunum frá gestum, svarar helstu spurningum þeirra um rétti á matseðli og vín samkvæmt vínseðli
- framreiðir mat og vín samkvæmt framreiðsluaðferðum og hefðum sem tilheyra framreiðslufaginu
- hefur grunnþekkingu á helstu þáttum í framleiðslu á léttvíni, bjór, styrktu víni og eimuðu áfengi
- afgreiðir í vinstúku, getur beitt helstu tækjum og áhöldum sem þar eru notuð
- gengur frá í veitingasal og vinstúku samkvæmt þeim viðmiðum sem gilda á viðkomandi vinnustað
- gengur frá uppgjöri í samræmi við sölukerfi veitingahússins

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Aðstoðarþjónn sinnir öllum algengum störfum í veitingasal og í vinstúku.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfbóðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Aðgangur að næsta þrepi menntunar/þjálfunar Áframhaldandi sérnám til sveinsprófs í framreiðslu.	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er rúmlega eitt ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í tvær annir, námstími samtals 36 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 12 vikur.

Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:
www.menntamalaraduneyti.is

Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is